

**M-40/2017. Álit 16. ágúst 2017.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-40/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 18. maí 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á farsíma af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir farsímamann gallaðann þar sem hann standist ekki þær kröfur sem seljandi hafi auglýst.

### **II**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi segir að hann hafi keypt farsíma hjá seljanda af gerðinni iPhone 7plus þann 16. nóvember 2016 fyrir 125.991 krónur. Farsíminn var auglýstur á samfélagsmiðlinum Snapchat sem vatnsheldur og að hann þoli erfiðar aðstæður. Farsími álitsbeiðanda datt í vatn í vaski og var strax þurrkaður en bilaði við það. Álitsbeiðandi segir að seljandi hafi sagt að farsíminn væri ekki í ábyrgð þar sem hann væri rakaskemmdur. Meðfylgjandi álitsbeiðni er myndbandsupptaka af auglýsingu á Snapchat. Engar kröfur eru gerðar af hálfu álitsbeiðanda í málinu.

Hinn 27. júní 2017 álitsbeiðanda sent svohljóðandi bréf frá nefndinni:

*„Sæll Erik Snær,*

*Kæruneftndin óskar eftir því að þú sendir inn viðbótargögn í máli þínu nr. 040/2017.*

*Óskað er eftir að þú sendir inn kvittun fyrir kaupum á símanum, og að þú gerir betur grein fyrir kröfum þínum á hendur Nova.*

*Ef þú átt einhverskonar tölvupóstsamskipti við Nova væri fínt að fá það líka sent.“*

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsemi þessari frá.

## II

### Álitsemi

Álitsemi X, er vísað frá kærnefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson